

# Stjórnarfundur FEB nr. 454

Stangarhyl 4, mánudaginn 1. desember 2020 kl. 9:30

Mætt: Ingibjörg H. Sverrisdóttir formaður; Kári Jónasson, Sigurbjörg Gísladóttir, Ingibjörg Óskarsdóttir, Viðar Eggertsson og Ólafur Örn Ingólfsson aðalmenn; og varamennirnir Finnur Birgisson og Haukur Arnþórsson.

Einnig sat fundinn Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri.

Fjarverandi voru Róbert P. Bender aðalmaður og og Sverrir Örn Kaaber varamaður.

Formaður setti fund og bar upp fundargerð síðasta fundar, sem var samþykkt.

## Dagskrá:

### 1. Málefni Gráa hersins

- Grái herinn hefur sent bréf á alla alþingismenn þar sem skorað er á þá að hækka lífeyri sem nemur lögboðnum hækkunum launa í landinu um næstu áramót um 15.750 kr.
- Ríkislögmaður fékk frest til 11. Desember nk. til að bregðast við nýjum gögnum sem lögmaður hefur lagt fram í málsókn GH á hendur ríkisins.

### 2. Kjaranefnd FEB - staðan

Finnur sagði frá störfum nefndarinnar. Nefndin hefur skrifað þingmönnum beggja Reykjavíkurkjördæmanna og skorð á þá að taka upp kjaramál eldri borgara, hækka ellilífeyri a.m.k. í samræmi við fyrrgreinda áskorun GH (sjá lið nr. 1) og hækka frítekjumörkin.

### 3. Kjaranefnd LEB – staðan

Sigurbjörg Gísladóttir sem situr í Kjaranefnd LEB sagði frá ályktun sem samþykkt var á fundi kjaranefndarinnar 30. nóvember sl. sem er samhljóða bréfi Gráa hersins til alþingismanna (sjá lið nr.1). Stjórn LEB hefur jafnframt samþykkt ályktunina á fundi sínum 30. nóvember sl. og stendur fyrir auglýsingum í útvarpi og sjónvarpi þar sem henni er komið efnislega á framfæri.

### 4. Fréttir af stjórnarfundi og stefnumótunarfundi LEB

Ingibjörg sagði frá fundi stjórnar LEB sem var haldinn 30. nóvember sl. og var þar kjaramálaumræðan fyrirferðamest. Fyrirhuguðum stefnumótunarfundi sem vera átti hefur verið frestað vegna veiru og veðurs.

### 5. Fundur með Samtökum aldraðra

Ingibjörg átti fund með samtökunum vegna bygginga íbúða fyrir eldri borgara. Hún og formaður SA skrifuðu sameiginlegt bréf til borgarstóra með afriti til deildarstjóra aðalskipulags þar sem þau sækja um að félögunum verði úthlutað byggingasvæði á líðinni sem kennd hefur verið við BSÍ.

### 6. Fréttir af skrifstofu FEB

Framkvæmdastjóri greindi frá að gengið hefur vel að færa það félagsstarf á netið sem hentar til þess. Til dæmis hefur það gengið vel með Íslendingasagnanámskeiðin. Sala

tækifæriskortanna gengur eftir áætlun. Enn er verið að gera upp reikninga vegna Árskóga og mun væntanlega ljúka fyrir áramót.

#### 7. Félagsstíðindi - staðan

Geir Guðsteinsson hefur tekið að sér ritstjórn Félagsstíðinda FEB sem hann bauðst til að taka að sér endurgjaldslaust fyrir félagið. Næsta tölublað er ráðgert að komi út um svipað leyti og aðalfundur FEB er ráðgerður, það er í seinni hluta febrúar 2021.

#### 8. Lífsvilji

Magnús Jónatansson frá Lífsvilja hefur óskað eftir samstarfi við FEB vegna nýs verkefnis þeirra sem snýr að hreyfieflingu eldri borgara.

Stjórn FEB fagnar framtakinu sem og öðrum sem stuðla að hreyfieflingu eldri borgara.

#### 9. Erindi til stjórnar vegna kauptilboðs í íbúð að Skúlagötu 40

Beðið er um undanþágu væntanlegs kaupanda vegna aldurs og þá um leið félagsaðildar. Stjórn samþykkir að synja erindinu þar sem kaupin uppfylla ekki þinglýstri kröfu um aldur kaupanda hvað varðar aldur og félagsaðild að FEB.

#### 10. Afgreiðsla þingskjala

Finnur Birgisson formaður Kjaranefndar FEB sagði frá þeim málum sem nefndarsvið Alþingis hefur að undanförnu beðið FEB um umsagnir á og kynnti umsagnirnar sem sendar hafa verið sem og verið er að vinna að. Umsagnirnar birtast á vef Alþingis.

#### 11. Aðventugleði

Fyrirhugaðri aðventugleði stjórnar FEB og starfsmanna frestað vegna veiru.

#### 12. Önnur mál

Erindi hefur borist frá Ferðaskrifstofu eldri borgara / Niko ehf, um að samstarf takist með FEB og þeim í náinni framtíð og gamlar erjur skyggi ekki á.

Stjórn FEB gerir enga athugasemd við að Niko loki málínu í sínum bókum.

Fleira ekki gert, - fundi slitið kl. 11:30

Fundargerð ritaði Viðar Eggertsson

Ingiðjörng H. Gunnisdóttir  
Sigurður Ólafsson  
Guðrún Jónasson  
Óðar Eggertsson

Fornyrðinum  
Ingiðjörng Óskarsdóttir

Finnur Birgisson